

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2002

2. maí 2002

1041

Nr. 345

GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands á hvert hross: kr. 924

Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili á hvert hross: kr. 2.289

Gjald fyrir vallaraðstöðu á hvert hross: kr. 1.000

Gjald vegna reksturs tækja á hvert hross: kr. 221

Hér er um hámarksgjöld að ræða en einstök búnaðarsambönd geta ákveðið lægri gjaldtöku.

2. gr.

Á gjöld skv. 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1999 nr. 491/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. maí 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

6. maí 2002

Nr. 346

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 3. mgr. 3. gr. komi: 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í norsk-íslenskri síld.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til úthlutunar aflahlutdeildar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum, hvort sem er innan eða utan íslenskrar lögsögu.

Á árinu 2002 er íslenskum skipum heimilt að veiða 132.080 lestir af síld og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 2. gr.

2. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi skal úthlutað aflahlutdeild í síld og skal hún reiknuð í hlutfalli við aflareynslu þeirra við veiðar á norsk-íslenskri síld á almanaksárunum 1994-2001, að báðum árum meðtöldum. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum skal það skip er í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað, er síð-